# Rofar til.

I.

Sigurnánd heitir grein sem eg skrifaði fyrir 11 árum. Tilefnið var það, að þá var nýkomin út bók þar sem framliðnum hafði tekist að fá miðil til að rita ýmislegt sem sýndi mjög greinilega, að eftir dauðann er lifað jarðnesku og líkamlegu lífi, engu síður en áður. Svo skýrt var þetta tekið fram og þó svo bersýnilega gegn sannfæringum þeirra sem að bókinni stóðu, að mér virtist varla geta hjá því farið, að augu manna hlytu nú að fara að opnast gagnvart mjög áríðandi sannleika. Reyndin varð þó sú, að eg hafði verið of bjartsýnn. Myrkrið reyndist enn ljósinu ofurefli. En nú virðist þó loksins ætla að fara að rofa til. Í vikuritinu „Light“ — sem hefir verið nefnt The Times of Spiritualism — má 24. okt s. l. sjá þessa fyrirsögn: Man's Travel to the Stars: Ferðalag mannkynsins til stjarnanna. Er þar verið að segja frá nýrri bók, sem miðillinn miss Cummins hefir ritað fyrir áhrif frá Myers, hinum nafnkunna löngu látna leiðtoga spiritismans. Bókin heitir „Beyond Human Personality“, og þar eru þá loksins stjörnurnar nefndar í sambandi við framhald lífsins. Þykir mér þetta ennþá merkilegra vegna þess, að í annari bók eftir sömu höfunda (The Road to Immortality) virtist mér hið ólíklegasta horfa um framgang einmitt þessa áríðandi sannleika.

II.

Höfundur greinarinnar í „Light“, Prevost Battersby, hyggur að stjörnufræðingarnir muni ekki taka undir þetta tal um jarðstjörnur í fjarlægum sólhverfum, þar sem það sé nú kent, að svo sjaldan hagi þannig til að jarðstjörnur geti myndast, að vort sólhverfi sé sennilega eina dæmi slíks í alheimi. En þetta er misskilningur. Sir James Jeans, hinn ágæti stjörnufræðingur, segir í síðustu bók sinni (Through Space and Time), að gera megi ráð fyrir, að af hverjum 100.000 sólum sé ein sem hafi jarðstjörnur í fylgd með sér. En þar sem hann telur að í vetrarbrautinni muni vera um 200000 miljónir sólna, verður þar enginn hörgull á jarðstjörnum. Og svo verður að muna eftir því, að vetrarbrautirnar eru svo margar, að jafnvel þó að ekki fylgdu jarðstjörnur nema einni sól af þeim mörgu miljónum sem í hverri vetrarbraut eru, þá væri jarðstjörnurnar samt óteljandi. Og nú virðist þá ætla að fara að lánast að koma líffræðinni, og um leið spiritismanum, í samband við þennan merkilega árangur stjörnufræðinnar.

15. nóv.

**Helgi Pjeturss.**